



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 286

Pétur Símonarson

(1911 – 1997)

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 286

Pétur Símonarson

rafvélavirki og uppfinningamaður

Formáli

Karl **Pétur** Símonarson fæddist á Þingvöllum 4. ágúst 1911 og lést á dvalarheimilinu Seljahlíð 11. nóvember 1997. Foreldrar hans voru þau Jónína Guðrún Sveinsdóttir (1885-1958) fædd á Torfastöðum í Grafningi og Símon Daníel Pétursson (1882-1966) smiður og uppfinningamaður, fæddur á Þingvöllum, síðar bóndi í Vatnskoti, Þingvallasveit. Börn Jónínu og Símonar voru fimm en eftirtalin eru látin: Karl Pétur og Aðalsteinn (1917-1993), eftirlifandi eru: Katrín Sýlvía (1912-), Helga (1914-) og Sveinborg (1915-).

Hann fór til Kaupmannahafnar í nám árið 1939 og lærði rafvélavirkjun hjá danska stórfyrirtækinu *Titan* og við *Det tekniske Selskabs Skoler København* lauk hann prófi 1942.

Pétur kvæntist 1942, Fríðu Ólafsdóttur ljósmyndara, fædd 15. desember 1903, dáin 26. febrúar 1985. Foreldrar hennar voru þau Sigurbjörg Matthíasdóttir (1865-1930) og Ólafur Sæmundsson (1865-1936) prestur í Hraungerði í Flóa.

Pétur smíðaði m.a. varahluti í þýska kaþbáta í síðari heimstyrjöld en eins og fleiri Íslendingar lokaðist hann, ásamt eiginkonu sinni Fríðu Ólafsdóttur, inni í Danmörku. Sumarið 1945 fluttu þau aftur til Íslands og hann vann um tíma hjá Jóhanni Rönning, en eftir það sem sjálfstæður atvinnurekandi.

Fríða var ljósmyndari og fóttaaðgerðafræðingur og hún vann við það lengi vel. Seinna starfaði hún við framleiðslu plasttappa undir húsgögn ásamt manni sínum. Pétur keypti vél í þessu skyni sem hann breytti eftir þörfum markaðarins. Pétur og Fríða voru barnlaus.

Pétur var flugmaður og átti meðal annars Tiger Moth flugvélina TF-KAE eftir 1945. Pétur var meðal annars fylgdar- og aðstoðarmaður Ósvalds Knútsen, kvikmyndagerðarmanns, við myndatökur hans. Þá hefur Pétur sagt frá að hann hafi verið forvitinn sem barn og reynt að ná sem flestu í sundur en jafnframt að setja það saman aftur. Þá hafði hann áhuga á öllu sem snérist og smíðaði hann meðal annars snjósleða sem knúinn var áfram af flugvélarpaða, enda titlaði hann sig sem uppfinningamann.

Árið 1997 gaf Pétur *Félagi aðstandenda alzheimerssjúkra* og annarra minnissjúkra (FAAS) heimili sitt að Austurbrún 31 til minningar um konu sína, Fríðu Ólafsdóttur, sem lést úr alzheimer árið 1985.

(Heimildir: *Heimasíða Félags aðstandenda alzheimerssjúkra og annarra minnissjúkra*:

<http://www.alzheimer.is/Greinar/Ffr2.htm> Skýrsla miðstjórnar Rafiðnaðarsambands Íslands 1997. Slóð:

http://www2.rafis.is/files/bagdcidaff/skyrsla_1998.pdf Minningargrein í Morgunblaðinu 19. nóvember 1997).

Afhending: Sævar Þ. Jóhannesson í desember 2004 og í desember 2010.

Innihald: Ýmsar fagteikningar gerðar í Danmörku.

Tímabil: 1929-1943.

Skjalaskrá

Askja 1

Leiðarabók fyrir TF-KAE, Tiger Moth flugvél 1946-1952.

Leiðarabók fyrir TF-KAE, Tiger Moth flugvél 1949-1950.

Viðhaldsáætlun fyrir TF-KAE, Tiger Moth flugvél 1951-1952.

Viðhaldsáætlun fyrir TF-KBE, Tiger Moth flugvél 1952-1954.

Teikningar, útreikningar og önnur skjöl varðandi flugvélar, án árs.

Teikningar af húsum, þversnið o.fl., án árs.

Askja 2

Ýmis vinnublöð, útreikningar og teikningar, líklega frá skólaárum Péturs Símonarsonar 1939-1942.

Skráð Njörður Sigurðsson

Viðbót við skjalasafnið

Mappa A-3

Det tekniske Selskabs Skoler København, klasse 43 na, teikningar, 1929-1941.

Teikning nr. 2942: Tandhjulspumpe, undirskrift Carl Pjetur Símonarson, 18. mars 1941, 5 teikningar.

Teikning nr. 63. Udløsningsrelais, undirskrift Carl Pjetur Símonarson, 8. desember 1939.

Teikning nr. 63. Lufthammer, undirskrift Carl Pjetur Símonarson, 2. febrúar 1940.

Teikning: Ligeløbshane, án árs.

Teikning: Trykformindske, undirskrift Jóhann L. Rist, 3. maí 1939, 2 teikningar.

Teikning: Ventilhus til Vinkelventil, undirskrift Jóhann L. Rist, 8. febrúar 1939, 4 teikningar.

Teikning: Hanehus for Ligeløbshane, undirskrift Jóhann L. Rist, 1. mars 1939.

Teikning: Ventilhus for Ligeløbsventil, undirskrift Jóhann Rist, 29. mars 1929.

Teikning: Sikkerhetsventil, undirskrift Jóhann Lárusson Rist, án árs.

Teikning: Ligeløbshane, undirskrift Niels Bak Harder, 11. apríl 1938.

Teikning: Ventilhus, án undirskriftar og árs.

Í möppuna er líka sett:

Teikning: Francisturbina, undirskrift C. P. Símonarson, 1. desember 1943.

Teikning: Højspendings Transformator, án undirskriftar og árs.

Teikning: Normal Francisrad med støbejernsskovler, án undirskriftar og árs.

Teikning: Normal Francisrad med blikkskovler, án undirskriftar og árs.

Teikning: Engar merkingar eða ártal er á teikningunni.

Skráð í október 2013,
GBS